

Fundargerð 55. fundar skráningarráðs Gegnis, miðvikudaginn 15. september 2010
haldinn í húsakynnum Landskerfis bókasafna Höfðatúni 2, kl. 9.00-11.00

Fundarmenn : Anna Sveinsdóttir, Gunnhildur Loftsdóttir (fundarritari), Sigrún J. Marelsdóttir, Þóra Sigurbjörnsdóttir.

Auk þess sóttu fundinn Hildur Gunnlaugsdóttir ritstjóri Gegnis og Sigrún Hauksdóttir þróunarstjóri hjá Landskerfi bókasafna.

1. **Kosning formanns.** Þóra Sigurbjörnsdóttir kosin formaður með öllum greiddum atkvæðum.
2. **Fundargerð 54. fundar.** Fundargerðin lesin og samþykkt.
3. **RDA-málþing í Kaupmannahöfn.** Þóra og Hildur fóru á málþing um upptöku RDA í Kaupmannahöfn í ágúst. Hildur les greinargerð þeirra um ferðina. Ljóst er að ekki er búið að taka ákvarðanir um upptöku RDA og flestar þjóðir halda að sér höndum, þar til nokkur reynsla er komin hjá brautryðjendunum Ástralíu, Bandaríkjunum, Bretlandi og Kanada. Áhugi er þó fyrir hendi hjá þjóðum, flest bendir til að álagið á vef RDA verði gríðarlegt þegar nær upptöku dregur. Hildur og Þóra segja frá stöðu nokkurra landa í undirbúningi vegna þessa og það er augljóst að við erum ekkert aftarlega á merinni í okkar undirbúningi. Nauðsynlegt er að búa til handbók á íslensku yfir helstu hugtök og kóða, svo skrásetjara búi allir að sömu grunnhugsun hugtaka. Þá væri ágætt að stofna áhugahóp um RDA, við hugleiðum það fram að næsta fræðslufundi skrásetjara.
4. **Skráning myndverka.** Skráningarráði barst erindi frá Norræna húsinu, þar sem lýst er eftir leiðbeiningum fyrir skráningu listaverka, en NH á dágott safn grafík listaverka til útláns. Skv. MARC sniði, eru myndverk skráð í VM format og sundurgreind með kóðum í Leader og 007 sviðinu. Helst er að okkur vanti orð í formgreininguna \$\$h, sem lýsir viðeigandi myndverki. Landskerfi bókasafna finnur út leið með birtingu lýsandi tákns (íkons) á vef Gegnis – gegnir.is. Hildur tekur að sér að leiðbeina NH með aðstoð Sóleyjar Hjartardóttur samstarfskonu sinnar og setja leiðbeiningar á hask.bok.hi.is. Hugmyndin um að mynd af mynd fylgi færslu, gæti orðið að veruleika með upptöku Primo á gegni.is.
5. **Lagfæring útgefenda** – fyrirspurn frá Ingu Aradóttur skrásetjara á Umhverfisstofnun vegna margskonar rithátta á sama útgáfustað í sviði 260 \$a og skort á útgefendum í 260 \$b. Hún spyr hvort hún megi lagfæra færslur og setja inn [s.n.] í \$b þar sem vantar og færa saman útgáfustaði í \$a. Skráningarráð og ritstjóri Gegnis þakka ábendingar. Varasamt er að leiðrétta á einu bretti ólíka rithætti, því misjafnt getur legið þar að baki, nema þar sem augljósar villur eru. Best er að senda ábendingar á gegnir@bok.hi.is og munu ritstjóri og fagstjórar Gegnis sjá um leiðréttingar. Hildur hefur þegar svarað Ingu og mun Þóra einnig gera það.
6. **Umritun úr rússnesku.** Lagt fram bréf Áslaugar Agnarsdóttur til Guðrúnar Kvaran formanns Íslenskrar málnefndar, vegna tillagna um að taka upp enskan rithátt rússneskra mannanafna. Íslensk málnefnd fundar seinna í september og verður málið í biðstöðu þar til svar hefur borist frá þeim.

7. **Hljóðbækur sóttar á vef.** Enn er fjallað um skráningu efnis frá Hlusta.is og Ásútgáfunni. Gunnhildur gerði uppkast að leiðbeiningum um skráningu efnis frá Hlusta.is. Hildur hefur skoðað það og leggur það fyrir Skráargatið, vinnuhóp um rafræna skráningu. Vegna skráningar efnis sem söfn brenna sjálf á diska, búa þau til færslu fyrir það og lykla, eins og önnur safnrit. Ákveðið að taka út rafræna slóð á hljóðbókum frá Ásútgáfunni, þar sem hún vísar ekki á annað en efni til sölu.
8. **Önnur mál.** a) Hildur sýnir að nafnmyndafærslur fyrir Word eru í röngu sviði. Fundurinn samþykkir að safna umfjöllun um Microsoft forritin undir eina nafnmynd hvert, óháð útgáfunúmeri t.d. Word (forrit), Excel (forrit) o.s.frv. Frávísanir frá öðrum nafnmyndum verða gerðar. Ragna Steinarsdóttir ætlar að sjá um þetta. b) Val á málmynd aðaltitils í mynddiskaskráningu. Ákveðið að breyta orðalagi í skjalinu Mynddiska- / myndbandaskráning lið 2:1: Titill skal vera á frummáli. **Við val á titli skal styðjast við IMDb.**

Fleira var ekki rætt og var fundi slitið kl. 11. Næsti fundur verður miðvikudaginn 13. október.